

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps nr. 322 8. nóvember 1973,
með síðari breytingum.

1. gr. orðist þannig:

Hitaveitan tekur leigu af hemlum og skal hún vera kr. 44.25 á hemil á mánuði.
Vatnsgjald er kr. 79.60 fyrir hvern lítra á mínútu á mánuði.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 240/1981 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

lðnaðarráðuneytið, 2. júlí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

20. júní 1981.

Nr. 366.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 393 3. nóvember 1977,
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

A) Samkvæmt magnhemli kr. 226.90 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

B) Samkvæmt vatnsmæli kr. 11.30 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Jöfnur í 7. gr. gjaldskrárinnar, sem gilda um útreikning á heimæðagjaldi verði þannig:

A-liður: $H = 8.104 + 8.90 \times V$

B-liður: $H = 12.156 + 13.20 \times V$

C-liður: $H = \frac{H_n}{8.104 \times n + 8.90 \times V_n} \times (8.104 + 8.90 \times V)$

11. gr. gjaldskrárinnar, fyrsta málsgrein, orðist þannig:

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. apríl 1981, 682 stig.